



Reykjavík, 18. janúar 2024

MSS23090167

Stafrænt ráð

Ósk um frestun á skilum tillagna stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi sínum þann 27. september 2023 samþykkti stafrænt ráð erindisbréf stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag.

Samkvæmt erindisbréfi á stýrihópurinn að skila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2023.

Verkefni stýrihópsins hefur reynst umfangsmeira en upphaflega var gert ráð fyrir og er því óskað eftir fresti til að skila tillögum til 29.febrúar 2024.

Virðingarfyllt,
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: erindisbréf Stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar



Reykjavík

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótnu tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Inngangur:

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030 var samþykkt í borgarstjórn, 19. október 2021, ásamt aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum. Í aðgerðaráætluninni eru aðgerðir sem krefjast þess að mótaðar verði tillögur um borgaraþing, íbúadómnefnd og skólahópa í Ráðhúsið og þeim fundinn farvegur sem að því loknu fari til stafræns ráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Hlutverk:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir í aðgerðaráætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Tillögurnar verða sendar til umfjöllunar og afgreiðslu stafræns ráðs. Einnig verður stýrihópurinn starfshópi um innleiðingu lýðræðisstefnu til ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Móta tillögu að útfærslu, verklagi og umgjörð borgaraþings Reykjavíkurborgar (aðgerð 5).
- Móta tillögu að útfærslu, verklagi og umgjörð íbúadómnefndar Reykjavíkurborgar (aðgerð 7).
- Móta tillögu að útfærslu og umgjörð heimsókna skólahópa í Ráðhúsið (aðgerð 20).
- Að tryggja að útfærslur aðgerðanna stuðli að auknu samtali, upplýstri umræðu og ákvarðanatöku um þau málefni sem tekin verða til umfjöllunar hverju sinni.
- Að tillögurnar verði unnar í fullu samræmi við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
- Að tryggja að tillögurnar verði unnar í samstarfi við viðeigandi hagaðila, bæði innan borgarkerfisins og utan þannig að sátt verði um þær.
- Vera starfshópi um innleiðingu lýðræðisstefnu til ráðgjafar um útfærslu aðgerða stefnunnar sérstaklega aðgerðir um lýðræðisáttavita og borgarkannanir.

Stýrihópurinn skipa:

Alexandra Briem (formaður), borgarfulltrúi og formaður stafræns ráðs.

Skúli Helgason, borgarfulltrúi.

Friðjón R. Friðjónsson, borgarfulltrúi.

Starfsmaður stýrihópsins:

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stofnun stjórnsýslufræða- og stjórnmála við Háskóla Íslands

Samskiptateymi Reykjavíkurborgar

Skrifstofa borgarstjórnar

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Þjónustu- og nýsköpunarsvið, stafræn Reykjavík

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2023.